

Íslensk endurreisin og risinn frá Ingvörum.

—o—

I.

Það var gaman að sjá stóra manninn úr Svarfaðardalnum, hann er svo myndarlegur index eða visir um íslenska endurreisin. En þó má ekki gleyma því, að það er ýmsum erfiðleikum bundið að vera svona stór, og íslenska þjóðin ætti að telja það sóma sinn, að reynast ekki illa þessum manni, sem svo ómótinælanlega er á undan sínum tíma. Því að Jóhann Pétursson er framtíðarmaður að því er vöxtinn snertir, en minnir þó einnig á fortíðina, þá er eigi allfáir Íslendingar voru honum likir á vöxt.

II.

Mynd sú sem margir hafa séð af Jóhanni og hjá honum hest í þeim er stærstur varð fundinn á Akureyri, rifjaði upp fyrir mér skemtilegan kafla úr Ljós-vetningasögu. Þar er verið að segja frá þingreið. „Gellir (Porkelsson og Guðrúnar Ósvifrs dóttur) kom at vestan með tvau hundruð manna; ok er þeir riðu á þingið, þá skipuðu þeir svá liðinu, at hverr rann eftir öðrum, ok þótti mönnum það frá

gerðarlið til at sjá ok stördu menn á, en cinn var sá maðr er þeim fanst einna mest um, er á baki var. Þat þótti mönnum lýtit á, at þeim sýndist hann riða folaldi. Ok er þeir stigu af baki ok voru hestar lausir látnir, þá þótti sá hestur miklu mestur, er sá maðr hafði riðið, er þar var kominn, enn þat var Skeggi enn rammi, bróðir Álfss ór Dolum.“

Varla mun Skeggi þessi hafa verið mun minni en risinn frá Ingvörum, og þó er sagt af öðrum manni þar á þinginu, sem ekki virðist hafa verið minni en Skeggi.

III.

Sú trú sem kemur t. d. viða fram í þjóðsögum síðari alda hér á landi, að fornmann hafi verið stærri (meðan loftslag var hér betra og þjóðin átti að ýmsu leyti ekki eins ilt og síðar), mun rétt vera. Og í þá átt bendir það, hversu mjög fólkid hefir stækkað hér síðasta mannsaldurinn, er á margan hátt fór að verða hér betra að lifa. Og ber Jóhann þar af og er um þetta endurreisnar maður öðrum fremur og nokkuð á undan tímanum. En hitt hygg eg sé ekki rétt, að ætla að gera úr þessum mikla vexti nokkurskonar veikindi; svo margir eru hér þeir ungu menn, sem kommir eru eitthvað yfir á 4. alinina.

Og það er eigi einungis um hæð, herðabréidd og brjóst-vídd, sem hin líkamlega endurreisin þjóðarinnar gerir vart við sig, heldur einnig um friðleik; og mun þó betur síðar, ef tekst að komast í það horf, sem svo bersýnilæga er verið að leita í. Eða með öðrum orðum, ef aldaskiftin takast. En i þeim efnum hefir viljað ganga nokkuð skrykkjótt, og verða hætturnar, sem yfir vofa, því stærri, sem nær dregur úrslitum. Og ekki get eg neitað því, að stundum hefir mér virst sem hin illu öfl mættu sín hér meira, og að svo gæti jafnvel farið, að úrslitin yrðu til hins verri vegar. En það hygg eg megi telja vist, að ekki sé þess langt að biða að á daginn komi hvort verður. Mundum, vér þá, ef illa færi, fyrir miðja öldina eiga von á jafnvel ennþá verri tíðindum en hér urðu 1783—85. En liklegra þykir

mér þó hitt að Helstefnan munisín minna mega og að meinvaett þeirri sem nefnd hefir verið ógæfa Íslands, falli hið síðasta og ótrúlegasta vopn úr hendi. Og hversu undursamlegt mun verða að lifa, þegar af fullri alvöru hefir brugðið til batans. Hversu auðunnar munu verða auknum kröftum og auknu viti þær umbætur jarðlifssins sem nú virðast með öllu óframkvæmanlegar, og þó eru með öllu ómissandi, ef á að takast að lifa rétt, það er, sifelt vaxandi og batnandi lifi, takast að fullnægja því hlutverki sem vorri langþjáðu, litlu þjóð er ætlað að vinna í þarfir alls mannkyns. En risinn frá Ingvörum er skemtileg bending um að þjóð þessi sé ekki eins smá og hún er fá.

14./7.

Helgi Pjeturss.

Olaf
16.1.71